

# Handbók Svæðisstjóra Starfsárið 2026-2027



**„Markmið án áætlunar er bara ósk“**  
*Antoine de Saint-Exupéry*

## Innihald

Embætti svæðisstjóra .....	3
Alþjóðasamtök Lionsklúbba.....	4
Alþjóðlegt skipurit.....	5
Skipurit Evrópu .....	6
Lionshreyfingin á Íslandi. Skipurit.....	7
Lionshreyfingin á Íslandi. Umdæmi og svæði.....	8
Klúbbar eftir svæðum .....	9
Hlutverk og skyldur svæðisstjóra .....	10
Svæðisfundir .....	11
Vinna með klúbbunum.....	13
Fundardagar .....	15
Svæðisfundur .....	16
Mætingablað.....	16
Lionsnámsskeið.....	17
Fundir svæðisstjóra með stjórnnum klúbba .....	18
Undirbúningur:.....	19
Dagskrá:.....	19
Fyrsti fundur svæðisstjóra með stjórn Lionsklúbbs.....	20
Upplýsingar um Alþjóðasamtök Lionsklúbba .....	21
Til umhugsunar vegna inntöku nýrra félaga .....	22
Nýr félagi.....	23
Inntökuathöfn .....	24
Kynning á lionshreyfingunni. ....	24
Siðareglur Lions.....	24
Markmið lionsklúbba .....	25
Mismunandi félagsaðild að Lionsklúbbi.....	26
Lions orðalisti ( skammstafanir ) .....	27
Greiðslur til svæðisstjóra .....	28
Klúbbheimsóknir .....	29
Að eigin frumkvæði: .....	29
Í fylgd umdæmisstjóra: .....	29
Að beiðni umdæmisstjóra: .....	29
Að beiðni klúbbstjórnar. ....	29
Önnur samskipti: .....	29
Skýrslur svæðisstjóra .....	30
Hagnýtur fróðleikur fyrir svæðisstjóra .....	31
Svæðisstjórar 109A starfsárið 2026 – 2027. ....	32
Svæðisstjórar 109B starfsárið 2026 – 2027.....	32



## Embætti svæðisstjóra



Stundum er sagt að svæðisstjóri sé fulltrúi grasrótarinnar í Lionshreyfingunni. Við val á svæðisstjóra ætti að taka tillit til þess að viðkomandi sé líklegur til að hafa virkan áhuga á málefnum og velferð klúbbanna á svæðinu.

Embætti svæðisstjóra er ekki heiðursembætti og ætti því aldrei að velja aðila í embættið í þeim tilgangi að heiðra viðkomandi. Ekki ætti heldur að velja aðila frá klúbbsi sem líklegt er að þurfi á leiðsögn hans eða aðstoð að halda. Velja ætti aðila sem hefur leiðtogahæfileika og er vel liðinn á svæðinu.


Embætti svæðisstjóra er talið eitt það mikilvægasta innan Lionshreyfingarinnar, ef því er sinnt eins og gert er ráð fyrir. Einnig er mjög mikilvægt að skipaður sé varasvæðisstjóri strax að hausti þannig að hann geti starfað með svæðisstjóra (jafnvel sem ritari) og með því undirbúið sitt starfsár.

Svæðisstjóri leiðbeinir stjórnnum klúbba eftir þörfum og reynir að skera úr um ýmis vafamál sem upp kunna að koma. Ef með þarf sækir hann aðstoð fyrst og fremst til umdæmisstjóra. Aðrir embættismenn fjölumdæmisins eða umdæmisins eru einnig viskubrunnur sem sótt er í.

Svæðisstjóri er æðsta embætti lionshreyfingarinnar á svæðinu. Þó að svo þá hefur svæðisstjóri ekkert vald yfir klúbbunum og getur því ekki sagt þeim fyrir í verkefnavali eða öðru.

Hlutverk hans er að hvetja klúbbana, vera ráðgjafi og tengiliður og verður það útskýrt nánar í þessari handbók.

Svæðisstjóri heldur sinn fyrsta svæðisfund í september með stjórnnum klúbba til að undirbúa vetrarstarfið. Fundurinn er haldinn til að gefa viðkomandi aðilum tækifæri til að kynnst, fara yfir ýmsar reglur og það sem efst er á baugi innan hreyfingarinnar.



Svæðisstjóri heldur síðan þrjá svæðisfundi á starfsárinu. Fundina skal halda í september, nóvember og febrúar. Gott er að setja strax í upphafi starfsárs dagsetningar og staðsetningar fundanna og kynna það fyrir stjórnnum klúbbanna. Þannig gefst öllum tækifæri til að setja þá inn í sína dagskrá og eiga því auðveldara með að skipuleggja starfið. Það getur verið betra að fresta fundi af óviðráðanlegum ástæðum en að boða fundi með mjög skömmum fyrirvara. Til svæðisfunda skal boða skriflega eða með netpósti með tveggja vikna fyrirvara. Fundarboðið ætti að senda á alla stjórn klúbbanna, formenn, ritara og gjaldkera.

Í þessari handbók fyrir svæðisstjóra er að finna flestar þær upplýsingar sem svæðisstjóri þarf á að halda. Æskilegt er að svæðisstjóri setji sér markmið fyrir starfsárið. Þessi markmið eiga að snúa að velferð klúbbanna á svæðinu og vera í samræmi við markmið alþjóðaforseta og umdæmisstjóra.



# Alþjóðasamtök Lionsklúbba.



## Stjórn:

**Alþjóðaforseti (International President skammstafað IP)**

**Fráfarandi alþjóðaforseti (Past International President skammstafað PIP)**  
**Fráfarandi alþjóðaforseti verður sjálfkrafa formaður LCIF,**  
**alþjóðahjálparsjóðs Lionshreyfingarinnar.**

**3 varaforsetar (Vice International President).**

## Alþjóðastjórnarmenn:


<b>Indland, Suður Asía, Afríka, Mið Austurlönd</b>	<b>4 fulltrúar</b>
<b>Ástralía, Nýja Sjáland, Indónesía, Nýja Gínea</b>	<b>1 fulltrúi</b>
<b>Evrópa</b>	<b>6 fulltrúar</b> <b>(Þar af alltaf 1 frá</b> <b>Norðurlöndunum)</b>
<b>Kanada</b>	<b>1 fulltrúi</b>
<b>Austurlönd fjær og Suð-austur Asía</b>	<b>6 fulltrúar</b>
<b>Suður og mið Ameríka, Karabíhaf</b>	<b>2 fulltrúar</b>
<b>Bandaríkin, Bermuda, Bahamas</b>	<b>14 fulltrúar</b>
<b>Samtals</b>	<b>34 fulltrúar.</b>

## Fjöldi Lionsfélaga:


(Upplýsingar fengnar á Lion Portal í maí 2026)

**1.400.957 félagar**  
**Í ca. 210 löndum**  
**Í 50.523 klúbbum**

# Alþjóðlegt skipurit




# Skipurit Evrópu






## Lionshreyfingin á Íslandi. Skipurit





## Lionshreyfingin á Íslandi. Umdæmi og svæði





## Klúbbar eftir svæðum



### Umdæmi 109 A

#### Svæði 1

Lkl. Eskifjörður  
Lkl. Múli Fljótshéraði  
Lkl. Seyðisfjörður

#### Svæði 2

Lkl. Hornafjörður  
Lkl. Kolgríma

#### Svæði 3

Lkl. Suðri Vík

#### Svæði 4

Lkl. Dynkur, Skeiða- og  
Gnúpverjahreppi  
Lkl. Eden, Hveragerði  
Lkl. Embla, Selfossi  
Lkl. Geysir,  
Biskupstungum  
Lkl. Hveragerði  
Lkl. Laugardals  
Lkl. Selfoss  
Lkl. Skjaldbreiður,  
Grímsnesi  
Lkl. Vestmannaeyja  
Lkl. Þorlákshöfn

#### Svæði 5

Lkl. Eldey, Sandgerði  
Lkl. Freyja, Keflavík  
Lkl. Garður  
Lkl. Grindavík  
Lkl. Keilir,  
Vatnsleysuströnd  
Lkl. Njarðvíkur  
Lkl. Sandgerðis  
Lkl. Æsa, Njarðvík

#### Svæði 6

Lkl. Álftanes  
Lkl. Ásbjörn, Hafnarfirði  
Lkl. Eik, Garðabæ  
Lkl. Garðabæjar  
Lkl. Hafnarfjarðar  
Lkl. Kaldá, Hafnarfirði  
Lkl. Seyla, Álftanesi

#### Svæði 7

Lkl. Eir, Reykjavík  
Lkl. Freyr, Reykjavík  
Lkl. Kópavogs  
Lkl. Muninn, Kópavogi  
Lkl. Reykjavíkur  
Lkl. Ýr, Kópavogi

#### Svæði 8

Lkl. Baldur, Reykjavík  
Lkl. Engey, Reykjavík  
Lkl. Fjölur, Reykjavík  
Lkl. Fjörgyn, Reykjavík  
Lkl. Iceland.IS  
Lkl. Njörður, Reykjavík  
Lkl. Víðarr, Reykjavík  
Lkl. Ægir, Reykjavík

### Umdæmi 109 B

#### Svæði 1- 2

Lkl. Akraness  
Lkl. Eðna, Akranesi  
Lkl. Fold, Reykjavík  
Lkl. Mosfellsbæjar  
Lkl. Úa Mosfellsbæ

#### Svæði 3

Lkl. Grundarfjarðar  
Lkl. Harpa, Stykkishólmi  
Lkl. Nesþinga, Hellissandi  
Lkl. Ólafsvíkur  
Lkl. Rán, Ólafsvík  
Lkl. Stykkishólms

#### Svæði 4

Lkl. Búðardals  
Lkl. Hólmavíkur  
Lkl. Ísafjarðar  
Lkl. Patreksfjarðar  
Lkl. Búðardals, Reykhóladeild

#### Svæði 5

Lkl. Bjarmi, Hvammstanga  
Lkl. Höfði, Hofsósi  
Lkl. Sauðárkróks  
Lkl. Skagafjarðar

#### Svæði 6

Lkl. Akureyrar  
Lkl. Dalvíkur  
Lkl. Hrærekur, Árskógsströnd  
Lkl. Húsavíkur  
Lkl. Hængur, Akureyri  
Lkl. Sunna, Dalvík  
Lkl. Vitaðsgjafi, Eyjafirði  
Lkl. Ösp, Akureyri.  
Lkl. Ylfa Akureyri



## Hlutverk og skyldur svæðisstjóra

Svæðisstjóri er framkvæmdastjóri svæðisins og berð ábyrgð gagnvart umdæmisstjóra svæðisins. Einnig er mjög mikilvægt að skipaður sé varasvæðisstjóri strax að hausti þannig að hann geti starfað með svæðisstjóra (jafnvel sem ritari) og með því undirbúið sitt starfsár. Að öðrum kosti skipar svæðisstjóri sér ritara sem fylgir honum á fundi.

Hlutverk og frumskyldur svæðisstjóra eru þessar:

- Að efla framgang og markmið Alþjóðasamtaka Lionshreyfingarinnar.
- Vera formaður ráðgjafanefndar umdæmisstjóra á svæðinu og halda reglulega fundi í þeirri nefnd (svæðisfundi) á starfsárinu.
- Að vinna í samstarfi við GMT/GET fulltrúum umdæmisins að félagapróun, þar á meðal að fjölga nýjum klúbbum.
- Að vinna í samstarfi við GLT fulltrúa umdæmisins að fræðslumálum og sérstaklega að upplýsa um möguleika í leiðtogafræðslu og GST fulltrúa vegna verkefna sem eru í gangi.
- Sinna öðrum störfum eins og þau eru skilgreind af alþjóðastjórn og tilgreind eru í handbókum umdæmisins.

Önnur hlutverk og skyldur svæðisstjóra:

- Fylgjast með heilsu og stöðu klúbba á svæðinu
- Hjálpa veikum klúbbum að komast í gang aftur
- Mæta á fund hjá hverjum klúbbi á svæðinu og skila skýrslu um þá heimsókn til vara umdæmisstjóra og umdæmisstjóra
- Fara yfir stöðu klúbba sem eiga í erfiðleikum ásamt varaumdæmisstjóra
- Þekkja til verkefna klúbbanna á svæðinu
- Koma með tillögur til að aðstoða klúbba á svæðinu þar sem þörf er á
- Hjálpa til að klúbbar skiptist á hugmyndum um aðgerðir, verkefni og fjáraflanir
- Kynna fyrir klúbbum verkefni umdæmis- fjölumdæmis- og NSR
- Sjá til þess að sérhver klúbbur svæðisins starfi samkvæmt lögum og reglum Lionshreyfingarinnar.
- Hvetja klúbba til taka þátt í umdæmis, fjölumdæmis og-alþjóðaþingum.
- Vinna í takt með umdæmisstjórninni
- Taka þátt í öllum reglulegum fundum umdæmisins



## Svæðisfundir

Markmið svæðisfundanna er að:

- Að svæðisstjórinn fái upplýsingar um starfsemi klúbbana á svæðinu.
- Að tryggja að klúbbar fylgi lögum og reglum hreyfingarinnar.
- Kynna verkefni og markmið frá umdæmisstjóra.
- Hvetja til þátttöku í umdæmis-, fjölumdæmis- og alþjóðáþingum
- Hvetja til þátttöku í Lionsviðburðum á svæðinu
- Ræða leiðir til að hjálpa klúbbum sem þurfa aðstoð í félaga eða leiðtogamálum
- Hvetja klúbba til samstarfs á svæðinu

### Að skipuleggja árangursríkan svæðisfund

Eftirfarandi tékklisti getur hjálpað svæðisstjóranum að skipuleggja árangursríka fundi:

- Velja fundartíma sem hentar meirihluta klúbbanna
- Senda fundarboð með góðum fyrirvara
- Undirbúa dagskrá fyrir hvern fund.
- Hvetja þátttakendur til að deila hugmyndum sínum með öðrum
- Senda fundargerðir til allra klúbbstjórna og hvetja þá til að upplýsa sína klúbbfélaga.
- Fundargerðir skal einnig senda til umdæmisstjóra og netteymis ([netteymi@lions.is](mailto:netteymi@lions.is))
- Áhugaverð erindi

### Fyrsti svæðisfundur (haldinn í september eftir fyrsta umdæmisfund)

Fundarefni fyrir þennan svæðisfund er eftirfarandi:

- Staða klúbbanna, markmið og þema ársins
- Kynning á verkefnum og markmiðum frá fyrsta umdæmisstjórnarfundum (haldinn í ágúst/september)
- Kynning á starfi, verkefnum og fjáröflunum klúbbanna (skýrsla formanns)
- Kynning á fræðsluefni og samvinna klúbba á svæðinu
- Önnur mál og fundarslit



## **Annar svæðisfundur** (Haldinn rétt fyrir 2. Umdæmisstjórnarfund)

Fundarefni fyrir þennan svæðisfund er eftirfarandi:

- Fara yfir málefni sem verða til umræðu á 2. umdæmisstjórnarfund
- Kynning á starfi, verkefnum og fjáröflunum klúbbanna (skýrsla formanns)
- Kynning á leiðtogafræðslu og Leiðtogaskólanum
- Móttaka og ábyrgð á nýjum félögum
- Umræður um félagafjölgun og mögulega nýja klúbba
- Önnur mál og fundarslit

## **Þriðji svæðisfundur** (haldinn rétt fyrir þriðja umdæmisstjórnarfund)

Fundarefni fyrir þennan svæðisfund er eftirfarandi:

- Fara yfir málefni sem verða til umræðu á 3ja umdæmisstjórnarfund (ef dagskrá liggur fyrir)
- Skýrslur formanna.
- Fara yfir stöðu og árangur í klúbbstarfinu og í verkefnum klúbbanna
- Aðferðir við val á nýrri stjórn og við stjórnarskipti
- Höfum við unnið til viðurkenninga?
- Önnur mál og fundarslit

Áríðandi er að hafa fundina sem fjölbreyttasta og einhverja fræðslu um málefni Lions á Íslandi á hverjum fundi. ( fá til þess fólk sem stýrir verkefnum í umdæmi og /eða fjöllumdæmi)



## Vinna með klúbbunum

Finna þarf út sérstakar þarfir hjá hverjum klúbbi sem hægt væri að aðstoða við að leysa, með því að heimsækja hvern klúbb að minnsta kosti einu sinni á starfsárinu. Hlustið vandlega eftir áhyggjuefnum hjá klúbbfélögum og gefið uppbyggjandi ráð. Skráið hjá ykkur það sem þið teljið áhugavert og þau ráð sem hafa verið gefin til að geta betur fylgst með framvindu mála hjá hverjum klúbbi. Einkennin og starfið í sterkum klúbbi er verulega frábrugðið því sem er í veikum klúbbi.

### Einkenni sterkra klúbba:

- Eru vel skipulagðir
- Halda reglulega fundi, senda út dagskrá fyrir fram.
- Félagarnir eru áhugasamir og stoltir af klúbbnum sínum
- Það er stöðug fjölgun í klúbbnum
- Setur félagana í verkefni sem skipta þá máli og hafa meiningu fyrir þá sjálfa
- Styrkir fjölda verkefna sem svara þörfum í samfélaginu
- Hefur árangursríkar fjáraflanir
- Hefur sterk almannatengsl við samfélagið
- Virkjar og hvetur féлага sem hafa áhuga á að taka þátt í stjórnun
- Greiðir gjöldin sín tímanlega og er hvergi í vanskilum
- Skilar verkefnaskýrslum á Lion Portal

### Einkenni veikra klúbba:

- Hefur féлага sem hafa ekki frumkvæði, skortir samstöðu og áhuga og hafa ekki umhyggju fyrir persónulegum þörfum hvers annars
- Helst illa á félögum og er ekki að vaxa
- Styrkja fá verkefni fyrir samfélagið
- Hafa ekki áætlun um hvernig nýliðar kynnast klúbbnum og hreyfingunni
- Fáir félagar hafa áhuga á að takast á við stjórnun í klúbbnum
- Sækja ekki umdæmisþing eða svæðisfundi  
Eru oft á eftir með greiðslu gjalda
- Eiga á hættu að vera settir í biðstöðu hjá alþjóðahreyfingunni

**Veikir klúbbar geta náð sér á strik með því að hafa og þróa með sér eftirfarandi:**

- Vel undirbúna og vel skipulagða fundi sem haldnir eru reglulega, senda út dagskrá fyrir fund
- Vel skipulögð stjórn og nefndir
- Góða áætlun um félagafjölgun og inntöku nýrra féлага
- Mikilvæg verkefni og góða fjáröflun þar sem samfélagið tekur þátt og líka með fjárframlagi
- Góða áætlun um leiðtogaþróun
- Gott samskipta- og almannatengslakerfi bæði innan klúbbsins og við samfélagið
- Vilja til að taka þátt í svæðisfundum, umdæmisþingum og alþjóðþingum

Svæðisstjóri ræðir við klúbbana um hvaða aðstoð er mögulegt að veita til að auka félagafjöldann og þróa nýja leiðtoga um leið og hann veitir árangri klúbbsins athygli í heimsóknum sínum. Svæðisstjóri á að vera hvetjandi, gefa ráð og upplýsa um samskiptaleiðir í heimsóknum sínum til klúbbana.

### **Að vera hvetjandi svæðisstjóri:**

- Hrósar klúbbum fyrir árangur í verkefnum og almannatengslum í sínu samfélagi
- Hvetur til liðsanda og einingu meðal klúbbfélaga
- Útskýrir mikilvægi þess að virða og vinna með öðrum klúbbfélögum
- Hvetur klúbbfélaga til að taka þátt í umdæmisverkefnum, þingum, fræðslu og þjálfun
- Hvetur klúbbfélaga til að takast á við stjórnunarábyrgð

### **Að vera ráðgefandi svæðisstjóri:**

- Býður fram leiðsögn og stuðning til klúbbanna
- Upplýsir klúbbana um fyrirbyggjandi efni og aðföng frá lionsshreyfingunni og samfélaginu
- Hlustar eftir áhyggjuefnum í klúbbunum
- Bendir á uppbyggjandi leiðir til að leysa misskilning og vandamál í klúbbunum
- Leiðbeinir klúbbum sem eru veikir og komnir í vanda
- Hvetur sterka og árangursríka klúbba til að setja sér hærri markmið

### **Svæðisstjórinn og almannatengsl:**

- Upplýsir klúbbana um hvað er að gerast í umdæmi og fjöllumdæmi og hvaða fræðslumöguleikar eru til staðar
- Kemur með hugmyndir um hvernig klúbbar geta tekið þátt í umdæmisverkefnum
- Upplýsir umdæmisstjórnendur um klúbbverkefni
- Kynnir tilgang Alþjóðlegu lionsshreyfingarinnar



## Fundardagar

### Umdæmisstjórnarfundir:

1. Staður: \_\_\_\_\_ Dags: \_\_\_\_\_ Kl: \_\_\_\_\_
2. Staður: \_\_\_\_\_ Dags: \_\_\_\_\_ Kl: \_\_\_\_\_
3. Staður: \_\_\_\_\_ Dags: \_\_\_\_\_ Kl: \_\_\_\_\_
4. Staður: \_\_\_\_\_ Dags: \_\_\_\_\_ Kl: \_\_\_\_\_

### Svæðisfundir:

1. Staður: \_\_\_\_\_ Dags: \_\_\_\_\_ Kl: \_\_\_\_\_
2. Staður: \_\_\_\_\_ Dags: \_\_\_\_\_ Kl: \_\_\_\_\_
3. Staður: \_\_\_\_\_ Dags: \_\_\_\_\_ Kl: \_\_\_\_\_

### Klúbbfundir:

1. Klúbbur: \_\_\_\_\_ Dags: \_\_\_\_\_ Kl: \_\_\_\_\_ Staður: \_\_\_\_\_
2. Klúbbur: \_\_\_\_\_ Dags: \_\_\_\_\_ Kl: \_\_\_\_\_ Staður: \_\_\_\_\_
3. Klúbbur: \_\_\_\_\_ Dags: \_\_\_\_\_ Kl: \_\_\_\_\_ Staður: \_\_\_\_\_
4. Klúbbur: \_\_\_\_\_ Dags: \_\_\_\_\_ Kl: \_\_\_\_\_ Staður: \_\_\_\_\_
5. Klúbbur: \_\_\_\_\_ Dags: \_\_\_\_\_ Kl: \_\_\_\_\_ Staður: \_\_\_\_\_
6. Klúbbur: \_\_\_\_\_ Dags: \_\_\_\_\_ Kl: \_\_\_\_\_ Staður: \_\_\_\_\_
7. Klúbbur: \_\_\_\_\_ Dags: \_\_\_\_\_ Kl: \_\_\_\_\_ Staður: \_\_\_\_\_
8. Klúbbur: \_\_\_\_\_ Dags: \_\_\_\_\_ Kl: \_\_\_\_\_ Staður: \_\_\_\_\_
9. Klúbbur: \_\_\_\_\_ Dags: \_\_\_\_\_ Kl: \_\_\_\_\_ Staður: \_\_\_\_\_
10. Klúbbur: \_\_\_\_\_ Dags: \_\_\_\_\_ Kl: \_\_\_\_\_ Staður: \_\_\_\_\_





## Lionsnámsskeið



Í boði er fjölmörg námskeið fyrir félaga, klúbbfundi og svæðisfundi.

Meðal efnis sem kennt er í „Leiðtogaskóla Lions“ sem haldinn er á hverju ári er:

Áskorun til breytinga  
Samskipti og virk hlustun.  
Áhrifaríkur málflutningur – Ræðumennska  
Fjölbreytileiki  
Skapandi hugsun  
Að halda góða fundi  
Að leysa ágreining  
Árangursrík liðsheild: Virkja og hvetja  
Að setja saman hóp – Öflugt hópstarf (teymi)  
Leiðsögn  
Markmiðasetning

Önnur námskeið sem nefna má eru.

Allt um Lions - Nýliðanámskeið  
Síðameistaránámskeið  
Alþjóðasamskipti  
Að fjölga félögum  
Fundarstjórn – Fundarritun – Fundarsköp  
Lionsblaðið  
Medic Alert

Ámskeið seNm GLT fulltrúar upplýsa um.



## Fundir svæðisstjóra með stjórnnum klúbba

Eins og fyrr sagði heldur svæðisstjóri sína fyrstu fundi í lok ágúst eða byrjun september. Fundirnir hafa verið nefndir “fræðslufundir með stjórnnum klúbba”. Á þessum fundum er svæðisstjóri einn með stjórn hvers klúbbs fyrir sig. Svæðisstjóri getur haft með sér aðstoðarmann og þá helst umdæmisstjóra eða varaumdæmisstjóra telji hann þörf á því. Í dag notum við þá samskiptatækni sem hverjum og einum hentar

Reynslan hefur sýnt að menn verða gjarnan þvingaðir og segja ekki frá raunverulegum vandamálum klúbbsins ef margir heyra til. Því er nauðsynlegt að svæðisstjóri byggji upp það traust sem til þarf. Klúbbstjórnir þurfa að finna að það sem fram fer á þessum fundi sé trúnaðarmál. Fundargerð af fundinum fá eingöngu umdæmisstjóri, varaumdæmisstjóri og formaður viðkomandi klúbbs.

Á fundina skal boða formann, ritara og gjaldkera en best er að hafa aðra stjórnarmenn klúbbsins með svo sem varaformann, fráfarandi formann, síðameistara, stillara og formann félaganefndar.

Hlutverk svæðisstjóra á þessum fundi er að vera fundarstjóri og leggja til dagskrá í aðalatriðum. (sjá hugmynd að dagskrá á næstu síðu). Hann heldur þennan fund til að miðla af þekkingu þeirri sem hann hefur aflað sér en einnig til að fræðast um klúbbinn.

Í dreifbýli má símtal við formann klúbbsins koma í stað þessa fundar eða að haft er samráð við umdæmisstjóra um fundinn.

Eitt af meginmarkmiðum þessara funda er að ýta starfi klúbbana í gang að hausti.

Leggja skal áherslu á að allir fundarmenn taki þátt í umræðunum, spyrji óspart og svari hiklaust þeim spurningum sem þeir hafa svör við.

Leggja skal áherslu á að fundurinn sé frekar óformlegur og að á honum ríki gagnkvæmt traust og létt andrúmsloft.





## **Undirbúningur:**

Varðandi undirbúning fyrir þessa fundi má hafa eftirfarandi í huga:

1. Svæðisstjóri kynnir sér handbókina vel og aflar sér frekari upplýsinga hjá umdæmisstjóra um hreyfinguna bæði á innlendum og alþjóðlegum grundvelli. Svæðisstjóra þarf að vera kunnugt um uppbyggingu fjölumdæmis og umdæma. Þá er hann betur undirbúin undir þær spurningar sem upp geta komið.
2. Svæðisstjóri kynnir sér starfsemi klúbba svæðisins með því til dæmis að lesa ársskýrslur síðustu ára. Hann kynnir sér einnig “landamæri” svæðisins.
3. Svæðisstjóri leitar eftir fundargerðum svæðisfunda síðasta árs hjá fráfarandi svæðisstjóra til að kynna sér betur hvort eitthvað sérstakt hefur verið í gangi þá.
4. Velja skal góðan fundarstað, hæfilega stórt herbergi, bjart og vistlegt. Sætaskipan ætti að vera óformleg og andrúmsloftið sem þægilegast.
5. Hafa nægan pappír og auka skriffæri til að lána.
6. Hafa fyrir fram ákveðna dagskrá (sjá tillögu) og fylgja henni eftir. Láta málglæða aðila ekki komast upp með að tefja fundinn með óþarfa orðskráði. Hugsanlega má tímasetja hvern lið dagskrárinnar.
7. Svæðisstjóri skal muna að þetta er hans fundur og hann stjórnar honum.
8. Umfram allt: Vera vel undirbúinn og taka tillit til aðstæðna á sínu svæði.

## **Dagskrá:**

1. Tilgangur fundarins.
2. Hlutverk svæðisstjóra.
3. Stjórn klúbbsins.
4. Hlutverk embættismanna klúbbsins.
5. Staða klúbbsins.
6. Er þörf fyrir nýja félag.
7. Er möguleiki á stofnun nýs Lions klúbbs eða deildar.
8. Stefnumál alþjóðaforseta og umdæmisstjóra. Merkisdagar hjá hreyfingunni.
9. Ungmennaskipti
10. Sameiginleg verkefni á vegum fjölumdæmis eða umdæmis.
11. Dagsetningar svæðisfunda.
12. Önnur mál sem upp gætu komið.

Svæðisstjóri skal hafa hugfast að þetta er aðeins hugmynd að dagskrá fundarins. Öll svæðin hafa sínar sérþarfir og hver klúbbur hefur sínar sérþarfir. Tillit þarf að taka til aðstæðna hverju sinni.



# Fyrsti fundur svæðisstjóra með stjórn Lionsklúbbs



1. Tilgangur fundarins. Tilgangur fundarins er að gefa viðkomandi aðilum tækifæri til að kynnast og skiptast á skoðunum og þekkingu, þannig að allir geti notið góðs af og öðlast nauðsynlega kunnáttu til að geta innt af hendi gott starf. Viðkomandi ættu einnig að öðlast betri skilning og þekkingu á skyldum sínum í því embætti sem þeir gegna.
2. Hlutverk svæðisstjóra. Hlutverk svæðisstjóra sem ráðgjafa og tengiliðs útskýrt.
3. Stjórn klúbbsins. Í stjórn klúbbsins sitja: Formaður, ritari, gjaldkeri, varaformaður, fráfaraandi formaður, siðameistari, stallari og formaður félaganefndar.
4. Hlutverk embættismanna klúbbsins. Upplýsingar um hlutverk helstu embættismanna klúbbsins eru að finna aftar í handbókinni.
5. Staða klúbbsins. Farið er yfir stöðu klúbbsins, bæði fjárhagslega, félagsfjölda og starfsandann í klúbbum. Eru stjórnarfundir haldnir reglulega? Er gerð fjárhagsáætlun? Eru reikningar klúbbsins gerðir upp? Eru alþjóðagjöld og fjöllumdæmisgjöld greidd á réttum tíma? Er starfsemi klúbbsins í samræmi við reglur hreyfingarinnar? Er starfsemi klúbbsins í eðlilegu ástandi.  
Telji svæðisstjóri klúbbin “veikan” skal hann skrá niður sínar athugasemdir og senda umdæmisstjóra og varaumdæmisstjóra þær upplýsingar.
6. Er þörf fyrir nýja féлага. Inntökumánuðir eru almennt október til mars/apríl. Alltaf er þörf fyrir nýja féлага. Það þarf að viðhalda klúbbum. Það þarf að yngja upp. Það þarf að fá ferskan blæ. Upplýsingar um inntökuathöfnina eru að finna aftar í handbókinni.
7. Er möguleiki á stofnun nýs lionsklúbbs. Þennan möguleika skal ávallt hafa í huga.
8. Stefnumál alþjóðaforseta og umdæmisstjóra. Merkisdagar hjá hreyfingunni. Farið yfir stefnumálin, þó aðeins stuttlega. Umdæmisstjóri gerir betur grein fyrir þeim í sinni heimsókn. 8. október er alþjóðlegur þjónustudagur hreyfingarinnar.
9. Ungmennaskipti, erlend samskipti. Leita upplýsinga hjá unglingskiptastjóra og alþjóðasamskiptastjóra um það sem hæst ber.
10. Sameiginleg verkefni á vegum fjöllumdæmis eða umdæmis. Kynna þau samstarfs verkefni sem hugsanlega eru í gangi hjá fjöllumdæminu, t.d.. Rauð fjöður.
11. Dagsetningar svæðisfunda. Þetta er mikilvægt. Skýra skal fyrir stjórnnum fyrirhugaðar dagsetningar svæðisfunda, sem stjórnir klúbba eiga að mæta á. Þátttaka í svæðisfundum er liður í því að gera klúbbin að framúrskarandi klúbbi. Svæðisfundir eru opnir öllum lionsfélögum.
12. Önnur mál sem upp gætu komið. Gera skal ráð fyrir að klúbbstjórnir hafi einhver málefni sem þær telja sig þurfa að koma á framfæri.



## Upplýsingar um Alþjóðasamtök Lionsklúbba



Bandaríkjamaðurinn Melvin Jones er talinn stofnandi Lionshreyfingarinnar. Hann fæddist í Arizona í Bandaríkjunum. Alþjóðasamtök Lionsklúbba (The International Association Of Lions Clubs) voru stofnuð í Chicago 7 júní 1917.

Hreyfingin barst fyrst til Evrópu árið 1948 með stofnun Lionsklúbbs Stokkhólms. 14. ágúst 1951 varð Ísland 37. Lions landið í heiminum og það 9. í Evrópu með stofnun Lionsklúbbs Reykjavíkur. Magnús Kjara telst vera upphafsmaður að hreyfingunni hér á landi og var hann fyrsti formaður Lionsklúbbs Reykjavíkur.

Alþjóðahreyfingin skiptist í tíu landfræðileg svæði og hefur Evrópu númerið 100. Þessum svæðum er síðan skipt í umdæmi og fjölumdæmi. Svíþjóð er fyrsta Lions landið í Evrópu og hefur því númerið 101. Ísland sem 9. landið hefur umdæmisnúmerið 109. Síðan 1973 er Ísland eitt fjölumdæmi með tvö umdæmi. Fjölumdæmi MD109 skiptist í umdæmi 109A og 109B. Til að svo megi verða þurfa að vera 35 klúbbar með 1.250 félögum í hvoru umdæmi.

Fjölumdæmisstjórn fer með yfirumsjón fjölumdæmisins. Fjölumdæmisstjórn skipa fjölumdæmisstjóri og umdæmisstjórar.

Fjölumdæmisráð skipa fjölumdæmisstjórn, og kjörnir fulltrúar þ.e. fjölumdæmisritari, fjölumdæmisgjaldkeri, ungmennaskiptastjóri, alþjóðasamskiptastjóri, félagastjóri útbreiðslustjóri, kynningarstjóri, fræðslustjóri og Medic Alert stjóri. Auk þess skipar fjölumdæmisstjóri embættismenn til að fara með aðra málaflokka eftir því sem þurfa þykir hverju sinni.

Aðeins þeir sem sitja í fjölumdæmisstjórn hafa raunverulega atkvæðisrétt og fara með stjórn hreyfingarinnar milli þinga. Fjölumdæmisþing fer með æðsta vald hreyfingarinnar á Íslandi.

Umdæmin tvö 109A og 109B eru undir stjórn umdæmisstjórnanna. Þeir skipa með sér ýmsa embættismenn fyrir þá málaflokka sem í gangi eru hverju sinni. Umdæmisþing fer með æðsta vald í umdæminu.

Umdæmunum er skip í svæði eftir landfræðilegri legu. Tekið er tillit til klúbbafjölda sem skal minnstur vera 4 klúbbar og mestur 8 klúbbar á einu svæði. Hér á landi hefur þó verið tekið til landfræðilegar staðháttu og eru undantekningar frá þessum tölum.

Umsjón með starfi klúbba á svæðunum hefur svæðisstjóri í umboði umdæmisstjóra. Umdæmisstjóri er hins vegar fulltrúi alþjóðastjórnar í sínu umdæmi og ber hann ábyrgð á starfi klúbbanna.



## Til umhugsunar vegna inntöku nýrra félaga

Þegar til stendur að fjölga í klúbbum ætti sá sem mæla vill með nýjum félaga að gera sér grein fyrir ábyrgð sinni.

Enginn ætti að mæla með félaga nema vera þess fullviss að hann muni mæta vel og vinna af áhuga fyrir klúbbinn og lionshugsjónina.

Margt ber að hafa í huga er fjölga skal í klúbbum. Nauðsynlegt getur verið að kanna áhuga þess sem meðmælandi hefur augastað á og vita hver hugur hans er til lionsstarfsins. Meðmælandi verður einnig að sjá til þess að nýr félagi fái góða fræðslu um starf og sögu klúbbsins sem hann/hún er að ganga í og síðan almennt um lionsstarfið.



Meðmælendur verða að gera sér grein fyrir því að nýr félagi er þeirra skjólstæðingur. Þeim ber að taka hann að sér á fundum sem og í öðru starfi klúbbsins og vera honum til halds og trausts öllum stundum og sjá svo um að hann uni sér vel í félagsskapnum. Flestir eru eitt - tvö ár að átta sig á félögunum, klúbbum og starfi hans. Fyrir en nýi félaginn er heill í höfn má meðmælandi ekki slaka á klónni. Á vef Lions eru til leiðbeiningar fyrir meðmælendur, sjá slóð:

<https://www.lions.is/static/files/Fraedsla/Medmaelandi/medmaelandi.pdf>



## Nýr félagi



1. Enginn getur orðið félagi í lionsklúbbi án þess að honum sé boðin þátttaka.
2. Gestgjafi er fyrst og fremst ábyrgur fyrir því að væntanlegur félagi hafi til að bera þá eiginleika sem falli vel að starfi og markmiðum lionshreyfingarinnar
3. Æskilegt er að væntanlegum félaga sé boðið á nokkra fundi hjá klúbbum og þá á kostnað klúbbsins,( mismunandi hjá klúbbum) áður en hann tekur afstöðu til inngöngu.

### Atriði sem hafa ber í huga fyrir nýjan klúbbfélaga.

1. Hann á að fá fullkomna fræðslu um grundvallarþætti lionshreyfingarinnar, stjórnunar- og starfshætti og útbreiðslu hreyfingarinnar hérlendis sem erlendis. Það á að gera viðkomandi grein fyrir því við hverju er búist við af honum eftir að hann kemur til starfa sem fullgildur félagi í klúbbum.
2. Viðkomandi á að fá ítarlega fræðslu um stofndag, sögu og starf klúbbsins sem hann er að ganga í. Leggja skal áherslu á að hann geti aukið lífshamingju sína með nýrri áður óþekktri reynslu, nýjum vinum og tækifæri til þess að láta að sér kveða og vera í forystu. Nýr félagi er hvattur til að mæta vel og taka góðan þátt í verkefnum klúbbsins.
3. Inntökuathöfnin á að vera hátíðleg þannig að nýjum félaga þyki sómi að því að ganga í klúbbinn.
4. Í inntökuathöfninni á að vera stutt frásögn um alþjóðasamtökin. Enn fremur stutt ágríp af sögu klúbbsins, starfi hans og markmiðum.

Eftir að nýr félagi hefur verið tekinn í klúbbinn.

1. Formanni ber að reyna að virkja nýjan félag til starfa með því að skipa hann þegar í einhverja nefnd.
2. Meðmælanda bera að kynna hinn nýja féлага persónulega fyrir öllum klúbbfélögum og sjá til þess að hann viti hvaða embættum félagar í klúbbum gegna.
3. Lögð skal áhersla á það við nýjan féлага að styrkur hvers klúbbs er talinn í þeirri virkni sem félagar sýna með því að leggja persónu sína, tíma og áhuga í það verkefni sem klúbburinn vinnur að hverju sinni.



## Inntökuathöfn



### Kynning á lionshreyfingunni.

(Eftirfarandi miðast við að fleiri en einn félagi sé tekinn inn í einu).

### *Inntökuathöfn*

*Gæta skal þess að hafa hátiðlegt umhverfi við inntökuathöfn.*

*1. Formaður kallar verðandi féлага upp að háborði, ásamt meðmælanda og eldri féлага (félögum), sem þátt taka í inntökuathöfninni. Gætið þess að fundarmenn sjái vel til. Leggið úherslu á að það sem lesið er, sé lesið hægt og skýrt.*

*2. Formaður eða eldri félagi les kynningu á lionshreyfingunni.*

**Góðir væntanlegir lionsfélagar.**

Lionshreyfingin, sem þú ert nú að ganga í er stærsta hreyfing alþjóða þjónustusamtaka í heiminum. Alþjóðasamband Lionsklúbba var formlega stofnuð hinn 7. júní árið 1917 í Chicago í Bandaríkjunum. Aðalhvatamaður og stofnandi Lions-hreyfingarinnar var Bandaríkjamaðurinn Melvin Jones. Það sem vakti fyrir Melvin Jones var að stofna fjöldahreyfingu sem hefði mannúðarverk að markmiði. Legði sjúkum lið og öllum þeim sem bágt ættu, gömlum sem ungum, öllum þeim sem ekki gætu annast sig sjálfir. Eftir honum er haft: "Mér var farið að skiljast að mönnum verður lítið ágengt, nema þeir taki upp á því að gera eitthvað fyrir aðra".

Til Íslands barst lionshreyfingin árið 1951, en þá var fyrsti klúbburinn stofnaður, lionsklúbbur Reykjavíkur. Ísland er sjálfstætt fjölumdæmi innan Alþjóðasambands lionsklúbba og nefnist fjölumdæmi 109, sem síðan skiptist í umdæmi 109 A og 109 B. Lionsklúbburinn \_\_\_\_\_, sem þú ert nú að ganga í er í umdæmi 109 \_\_ á svæði \_\_ ásamt \_\_ öðrum klúbbum. Klúbburinn var stofnaður árið \_\_\_\_\_.

*3. Formaður eða eldri félagi les siðareglurnar.*

### **Siðareglur Lions**

- 1. Að líta á starf mitt sem köllun og leysa það svo af hendi að ég ávinni mér traust.**
- 2. Að leitast við að ná góðum árangri í starfi mínu og áskilja mér hæfilega umbun erfiðis míns, en reyna ekki að hagnast með óréttmætum hætti.**
- 3. Að muna að láta ávinning minn ekki verða á annarra kostnað; að vera trúr meðbræðrum mínum og heiðarlegur gagnvart sjálfum mér.**
- 4. Leiki vafi á lagalegu eða siðferðilegu réttmæti gerða minna, að breyta þá við náungann eins og ég vil að hann breyti við mig.**
- 5. Að gera vináttu að markmiði, ekki leið að marki. Sönn vinátta krefst einskis í eigin þágu og má aldrei vera háð gagnkvæmum greiða.**
- 6. Að hafa ætíð í huga skyldur mínar sem þjóðfélagsþegn og að vera hollur þegn þjóðar og byggðarlags bæði í orði og verki.**

7. Að hjálpa meðbræðrum mínum í vanda. Þeir sem um sárt eiga að binda þurfa hluttekningu, bágstaddir og minnimáttar stuðning.
8. Að vera gætinn í gagnrýni og örlátur á hrós. Að byggja upp, en rífa ekki niður.

#### *4. Formaður eða eldri félagi les markmið lionsklúbba.*

##### **Markmið lionsklúbba**

1. Að vekja og efla anda skilnings meðal þjóða heims.
2. Að efla meginreglur heilbrigðs stjórnarfars og borgaralegra dyggða.
3. Að sýna virkan áhuga á velferð samfélagsins í félagsmálum, menningu og almennu siðgæði.
4. Að tengja félagana böndum vináttu, góðs félagsanda og gagnkvæms skilnings.
5. Að skapa vettvang fyrir frjálsar umræður um öll málefni sem varða almannaheill en undanskilja þó umræður um stjórnmál og trúarbrögð.
6. Að hvetja þjónustuviljuga fólk til að leggja lið í samfélagi sínu, án persónulegs eða fjárhagslegs ávinnings og hvetja aðra til dugnaðar og eflingar aukins siðgæðis á sviðum viðskipta, iðnaðar, atvinnulífs, opinbers rekstur og einkareksturs.

*5. Inntaka nýs félaga. Þegar formaður tekur inn nýja féлага er hann spurður að því hvort þeir óski eftir því að gerast félagar í klúbbum.*

Þið hafið nú heyrt siðareglur og markmið Lions.

Því spyr ég ykkur \_\_\_\_\_, viljið þið ganga til liðs við lionsshreyfinguna með inngöngu í Lionsklúbbinn \_\_\_\_\_?

Þar sem þið hafið svarað játandi vil ég biðja meðmælanda ykkar að sæma ykkur merki lionsshreyfingarinnar til staðfestingar á inngöngu ykkar í klúbbinn.

Fyrir hönd klúbbsins afhendi ég ykkur nýliðamöppu, en í henni er að finna upplýsingar um lionsshreyfinguna sem ég bið ykkur að kynna ykkur vel.

Ég vænti þess og legg á það mikla áherslu að þið verðið starfsamir og starfsfúsir félagar, ávallt reiðubúin til að leggja ykkur öll fram við þau verkefni sem ykkur eru falin innan klúbbsins og eins við þau verkefni sem klúbburinn tekur sér fyrir hendur og vinnur að. Með því að vera heil og sívakandi í starfi vinnið þið klúbbum það gagn, sem ætlast er til af ykkur. Við leggjum ríka áherslu á góða mætingu á fundum sem og til þeirra starfa, sem klúbbfélagar verða kallaðir til.

Ég vona að þið munið eiga hér ánægjulegar stundir og býð ykkur velkomna í klúbbinn um leið og ég bið klúbbfélagana að taka undir þau orð mín með lófataki.

*Afhenda meðmælanda viðurkenningarskjal og einblöðung fyrir meðmælendur og minna á skyldur hans og okkar, félaganna allra, að halda vel utan um hverja aðra.*

## Mismunandi félagsaðild að Lionsklúbbi

Íslenskt heiti aðildar	Enskt heiti aðildar	Gjöld			Framboð umd.+alp.	Kosningaréttur	Fulltrúi á þingum
		Klúbbur	Umdæmi	Alþjóða			
Virkur félagi	Active	Já	Já	Já	Já	Já	Já
Stuðningsfélagi	Affiliate	Já	Já	Já	Nei	Klúbbmálefni	Nei
Gestafélagi	Associate	Já	Nei	Nei	Nei	Klúbbmálefni	Nei
Heiðursfélagi	Honorary	Nei	Kl. greiðir	Kl. greiðir	Nei	Nei	Nei
Ævifélagi	Life	Já	=650\$ eingr.	650\$ eingr.	Já	Já	Já
Aukafélagi	Member-at-Large	Já	Já	Já	Nei	Klúbbmálefni	Nei
Sérréttindafélagi	Privileged	Já	Já	Já	Nei	Já	Já

**Sérréttindafélagi = Einstaklingur sem hefur verið lionsfélagi í a.m.k 15 ár sem vegna sjúkdóms eða annarra aðstæðna sem klúbbstjórn ákveður segir sig frá stöðu virks félaga.**

**Ævifélagi = Einstaklingur sem hefur verið lionsfélagi í a.m.k. 20 ár sem hefur unnið vel fyrir klúbbinn eða haldinn alvarlegum sjúkdóm. Eða hefur verið félagi í a.m.k. 15 ár og náð 70 ára aldri.**

## Lions orðalisti ( skammstafanir )

- LCI** -The International Association of Lions Clubs = Alþjóðasamtök Lionsklúbba
- LCIF** -Lion Clubs International Foundation = Alþjóðahjálparsjóður Lionshreyfingarinnar
- IP** -International President = Alþjóðaforseti
- IPIP** -Immediate Past International President = Fráfarandi alþjóðaforseti
- PIP** -Past International President = Fyrrverandi alþjóðaforseti
- 1<sup>st</sup>VIP** -First Vice International President = Fyrsti vara alþjóðaforseti
- 2<sup>nd</sup>VIP**-Second Vice International President = Annar vara alþjóðaforseti
- ID** -International Director = Alþjóðastjórnarmaður
- IPID** -Immediate Past International Director = Fráfarandi alþjóðastjórnarmaður
- PID** -Past International Director = Fyrrverandi alþjóðastjórnarmaður
- CC** -Council Chairperson = Fjölumdæmisstjóri
- IPCC** -Immediate Past Council Chairperson = Fráfarandi fjölumdæmisstjóri
- PCC** -Past Council Chairperson = Fyrrverandi fjölumdæmisstjóri
- DG** -District Governor = Umdæmisstjóri
- IPDG** -Immediate Past District Governor = Fráfarandi umdæmisstjóri
- PDG** -Past District Governor = Fyrrverandi umdæmisstjóri
- 1<sup>st</sup>VDG** -First Vice District Governor = Fyrsti varaumdæmisstjóri
- 2<sup>nd</sup>VDG**-Second Vice District Governor = Annar varaumdæmisstjóri
- DGE** -District Governor Elect = Kjörumdæmisstjóri
- GAT** - Global Action Team = Samstarfsvettvangur milli GMT, GLT og GST
- GET** Global extention Team =Alþjóðlegt teymi um útbreiðslumál
- GMT** -Global Membership Team = Alþjóðlegt teymi um félagamál
- GLT** -Global Leadership Team = Alþjóðlegt teymi um Leiðtogaþróun
- GST** -Global Service Team = Alþjóðlegt teymi um verkefni
- IRC** -International Understanding & Cooperation Chairperson = Alþjóðasamskiptafulltrúi
- YEC** -Youth Camp and Exchange Chairperson = Ungmennaskiptafulltrúi
- PRC** -Public Relation & Lions Information Chairperson = Kynningarfulltrúi
- LQC** -Lions Quest Chairperson = Lions Quest fulltrúi
- CS** -Council Secretary = Fjölumdæmisritari
- CT** -Council Treasurer = Fjölumdæmisgjaldkeri
- DS** -District (Cabinet) Secretary = Umdæmisritari
- DT** -District (Cabinet) Treasurer = Umdæmisgjaldkeri
- ZC** -Zone Chairperson = Svæðisstjóri



## Greiðslur til svæðisstjóra



Svæðisstjóri fær greiðslur frá lionshreyfingunni vegna ferðakostnaðar í vissum tilfellum. Ferðist svæðisstjóri með flugi til að sækja skóla svæðisstjóra fæst sá farmiði endurgreiddur. Sama gildir ef svæðisstjóri ferðast með flugi til að sækja umdæmisstjórnarfundi.

Fyrir ferðir á skóla svæðisstjóra, umdæmisstjórnarfundi, svæðisfundi og klúbbheimsóknir fær svæðisstjóri greiddar 35,00 kr. fyrir hvern ekinn kílómetra umfram 100 km.

Svæðisstjóri skal hafa samráð við umdæmisstjóra varðandi allar ferðir umfram þær sem teljast skylduferðir.

Æskilegt er að svæðisstjóri nýti tölvupóst að svo miklu leiti sem mögulegt er. Má þar til dæmis nefna fundarboð og fundargerðir. Þurfi svæðisstjóri að senda fundarboð og / eða fundargerðir með venjulegum pósti endurgreiðir lionsskrifstofan póstkostnað samkvæmt reikningi.

Svæðisstjórar eru hvattir til að nýta sér nútíma tækni svo sem Skype, Facebook og aðra samfélagsmiðla til að vera í sem mestu sambandi við klúbbana á sínu svæði.



## Klúbbheimsóknir



Í strjálbýli er æskilegt að svæðisstjóri sé einskonar leiðsögumaður umdæmisstjóra þegar hann heimsækir klúbbana. Í þéttbýli er svæðisstjóri að sjálfsögðu einnig velkominn í heimsóknir með umdæmisstjóra.

Það er þó ávallt umdæmisstjóri sem tekur ákvarðanir varðandi slíka fylgd.

Fylgi svæðisstjóri umdæmisstjóra í heimsóknir skal hann muna að þetta eru fundir umdæmisstjóra og svæðisstjórum ekki ætlað neitt sérstakt hlutverk á þeim nema umdæmisstjóri óski eftir einhverju sérstöku

Aðrar heimsóknir ættu að vera eftir samkomulagi við klúbbstjórnir og umdæmisstjóra.

**Að eigin frumkvæði:**

Í ávarpi sínu á klúbbfundum skýrir svæðisstjóri til dæmis frá starfi sínu og starfsreglu, flytur fréttir af starfinu á svæðinu, fyrirhuguðu samstarfi og ýmsu öðru.

**Í fylgd umdæmisstjóra:**

Í slíkri heimsókn hefur svæðisstjóri ekki sérstöku hlutverki að gegna nema umdæmisstjóri óski sérstaklega eftir því.



**Að beiðni umdæmisstjóra:**

Sú staða getur komið upp að umdæmisstjóri óski eftir að svæðisstjóri heimsæki klúbb í sérstökum erindagjörðum. Svæðisstjóri sinnir þeim erindum fyrir umdæmisstjóra og heldur sig eingöngu við það sem umdæmisstjóri óskar eftir.

**Að beiðni klúbbstjórnar.**

Ósjaldan biðja klúbbstjórnir svæðisstjóra að koma á klúbbfund og flytja fræðslu um eitthvert sérstakt málefni. Svæðisstjóri sinnir því, telji hann sig hafa þekkingu til eða óskar eftir aðstoð þess aðila á fjölumráði eða umdæmisstjórn sem hefur með málefnið að gera. Einnig kemur fyrir að klúbbstjórnir óski eftir nærveru svæðisstjóra á stjórnarfundum og þá oftast til að leysa úr einhverju vandamáli sem upp hefur komið. Hafa skal samráð við umdæmisstjóra varðandi allar slíkar fræðsluferðir.

Svæðisstjóri skal hafa það hugfast í öllum sínum heimsóknum að hann er ekki þangað kominn til að sína eitthvert vald yfir klúbbnum, því það hefur hann alls ekki. Hann er þangað kominn til að gefa góð ráð og miðla af sinni reynslu og þekkingu. Svæðisstjóri lætur klúbbstjórnir eða almenna klúbbfélaga aldrei finna að fyrir afskiptasemi. Svæðisstjóri reynir að láta viðkomandi aðila finna að fylgst sé með klúbbnum af áhuga fyrir gengi þeirra.



**Markmið allra heimsókna er:** Að efla tengsl milli klúbba, svæðisstjóra og umdæmisstjóra.

**Önnur samskipti:**

Önnur samskipti við klúbbstjórnir ættu að vera sem tíðust. Gott er til dæmis að hafa samband við formann klúbbs einu sinni í mánuði til að spyrja hvernig gangi. Þannig er hægt að láta formanninn finna að einhver utan klúbbsins hefur áhuga á því sem þeir eru að gera. Umfram allt er þó að láta formenn aldrei finnast sem einhver utan að komandi sé að skipta sér af þeirra starfi.





## Skýrslur svæðisstjóra



### **Skýrslur til umdæmisstjórnarfunda:**

Svæðisstjóra er ætlað að mæta á alla umdæmisstjórnarfundi á starfsárinu. Á þeim fundum skilar hann munnlegri og/eða skriflegri skýrslu (til umdæmisritara) um starfið á svæðinu. Skriflega skýrslan fer síðan í fundargerð umdæmisstjórnarfundarins.



## Hagnýtur fróðleikur fyrir svæðisstjóra



Á heimasíðu Lions er gögn hinna ýmsu “skóla” þar má meðal annars finna “Fræðsla – Skóli svæðisstjóra” sjá hlekkinn [Skóli svæðisstjóra | Lions á Íslandi](#)  
Þar er m.a. Handbók svæðisstjóra, Markmiðssetning, Samskipti og Ensk útgáfa af skýrslu svæðisstjóra til umdæmisstjóra eftir svæðisfund.

Að stofna aðgang að Lion Portal alþjóðagagnagrunni lionshreyfingarinnar er útskýrt í eftirfarandi Power point skjali sem er hluti af “Fræðsla - Skóli ritara” á Lions.is [PowerPoint Presentation \(lions.is\)](#)

Ef aðstoða þarf klúbb við að skrá verkefnaskýrslu eru leiðbeiningar undir “Fræðsla – skóli ritara á Lions.is. Verkefnaskýrsla: <https://www.lions.is/static/files/Fraedsla/Ritarar/lion-portal-verkefni.pdf>

Ýmsar auðlindir eru fyrir svæðisstjóra á vef alþjóðahreyfingarinnar. Undir hlekknum <https://www.lionsclubs.org/en/resources-for-members/resource-center/zone-chairperson-training-materials>

**Birtist “Zone Chairperson Workshop”**

**Helpful links**

[Leadership Development Multiple District/District Grant Program](#)

[Zone Chairperson Learning Map](#)

[Zone and Region Chairperson e-Book](#)

[Zone and Region Chairpersons](#)

[Certified Guiding Lion Program](#)

[Participant Evaluation Form](#)

### **Svæðisstjórar 109A starfsárið 2026 – 2027.**

**Svæði 1:** Lárus Bjarnason, Lkl. Seyðisfjarðar, [larusbjarnason@gmail.com](mailto:larusbjarnason@gmail.com) , 8964743

**Svæði 2:**

**Svæði 3:** Lkl. Suðri, Vík

**Svæði 4:** Guðmundur Oddgeirsson, Lkl. Hveragerðis, [gudmundur57@gmail.com](mailto:gudmundur57@gmail.com), 6935035

**Svæði 5:** Kristófer Ernir Guðmundsson, Lkl. Sandgerðis, [kristo126@gmail.com](mailto:kristo126@gmail.com), 6919994

**Svæði 6:**

**Svæði 7:** Þóra Bjarney Guðmundsdóttir, Lkl. Eir, [torabg16@gmail.com](mailto:torabg16@gmail.com), 8951604

**Svæði 8:** Hjörtur Aðalsteinsson, Lkl. Víðarri, [hitti@internet.is](mailto:hitti@internet.is), 6638282

### **Svæðisstjórar 109B starfsárið 2026 – 2027**

**Svæði 1-2:** Lkl. Eðna, Akranesi

**Svæði 3:** Jóhannes Ólafsson, Lkl. Ólafsvíkur, [steinprent@simnet.is](mailto:steinprent@simnet.is) , 8935443

**Svæði 4:** Lkl. Búðardals

**Svæði 5:** Lkl. Skagafjarðar

**Svæði 6:** Lkl. Ösp, Akureyri